

Reglur um akstur foreldra í dreifbýli vegna

þátttöku barna þeirra í íþrótt- og tómstundastarfi fjarri heimili.



Reglum þessum er ætlað að koma til móts við foreldra sem þurfa að aka börnum sínum langan veg í íþróttir og aðrar tómstundir í sveitarfélaginu Húnabyggð. Um leið ættu þær að vera foreldrum hvatning til að nýta það tómstundastarf sem í boði er fyrir börnin sín og um leið draga úr þeim mismun sem búseta langt frá þjónustu getur haft í för með sér.

Sveitarfélagið greiðir foreldrum styrk vegna aksturs með börn sem stunda íþrótt- og tómstundastarf fjarri heimili sínu samkvæmt eftirfarandi:

Styrkurinn miðast við börn og ungmenni í dreifbýli á aldrinum 6 – 18 ára sem búsett eru og eiga lögheimili í sveitarfélaginu Húnabyggð. Börn sem komin eru af grunnskólaaldri þurfa að hafa fasta búsetu á lögheimili sínu í dreifbýli.

Þeir sem þurfa að aka meira en 10 kílómetra, aðra leið, frá heimili eiga rétt á styrk.

Styrkupphæð á ári:

Lögheimili í 10 – 20 km fjarlægð frá æfinga- eða tómstundastað:

50.000 kr. með hverju barni.

Lögheimili í 20 – 30 km fjarlægð frá æfinga- eða tómstundastað:

75.000 kr. með hverju barni.

Lögheimili í 30 – 50 km fjarlægð frá æfinga- eða tómstundastað:

100.000 kr. með hverju barni.

Styrkurinn er greiddur tvisvar á ári, 50% af heildarupphæð í hvort skipti.

Sótt skal um styrkinn á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu sveitarfélagsins.

Styrkurinn miðast við að æfingar/ástundun sé 8 mánuði eða lengur á ári. Sé tíminn skemmri greiðist styrkurinn sem hlutfall af þeim tíma, x/8.